



**KVENNASKÓLINN
Í REYKJAVÍK**



Skýrsla um sjálfsmat skólaárið 2021 - 2022

September 2022

©Kvennaskólinn í Reykjavík

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| 1. Inngangur..... | 3 |
| Matsteymi skólans | 3 |
| 1.1 Matsáætlun skólaársins 2021 – 2022..... | 4 |
| 1.2 Tölulegar upplýsingar (nemendur) | 4 |
| Innritun nýnema haustið 2021 | 4 |
| Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir námsárum | 5 |
| Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir kyni..... | 5 |
| Meðalaldur nemenda (ár) | 5 |
| Fjöldi brautskráðra stúdenta í desember 2021 og maí 2022 eftir námsbraut og alls..... | 5 |
| Útskriftarhlutfall | 5 |
| 1.3 Tölulegar upplýsingar (starfsfólk)..... | 6 |
| 2. Niðurstöður | 6 |
| 2.1 Kennslu- og áfangamat..... | 6 |
| Niðurstöður | 7 |
| 2.2 Foreldra- og nýnemakönnun..... | 7 |
| Nemendakönnun – nýnemar haustið 2021..... | 8 |
| Niðurstöður | 8 |
| Samanburður á milli ára | 9 |
| Könnun fyrir forráðamenn nýnema sem hófu nám haustið 2021 | 11 |
| Niðurstöður | 12 |
| Samanburður á milli ára | 14 |
| 2.2. Nemendakönnun..... | 16 |
| Niðurstöður | 17 |
| 2.3 Lýðheilsa framhaldsskólanema (Ungt fólk 2021)..... | 20 |
| 2.4. Könnun fyrir útskrifaða nemendur | 20 |
| Helstu niðurstöður | 20 |
| 2.5. Stofnun ársins | 22 |
| 2.6. Framhaldsskólapúlsinn 2021-2022 | 23 |
| 2.7. Markmið, mælikvarðar, gögn til grundvallar, viðmið og staðan 2021-2022 | 24 |
| 3 Greining á niðurstöðum | 26 |
| 3.1 Styrkleikar..... | 26 |
| 3.2 Tækifæri til umbóta | 27 |
| 4 Verkefni/aðgerðir..... | 27 |
| 4.1 Markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2021-2022 | 27 |
| 4.2. Markmið og úrbætur sem stefnt er að á skólaárinu 2022–2023..... | 28 |

1. Inngangur

Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjarskóli og býður upp á nám til stúdentsprófs á þremur námsbrautum, félagsvísindabraut, hugvísindabraut og náttúruvísindabraut. Námstími er sveigjanlegur 3-4 ár en stefna skólans er að flestir ljúki námi til stúdentsprófs á þremur árum. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og áhersla er á metnað nemenda og ábyrgð í námi, persónuleg og hlýleg samskipti, gildi tjáningar og þá samskiptahæfni sem nauðsynleg er í samskiptum ólíkra einstaklinga í ólíkum aðstæðum. Þannig leggur skólinn áherslu á að veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og þeir læra að bera ábyrgð á námi sínu. Eitt helsta markmið skólans er að veita nemendum haldgóða og vandaða menntun og búa þá sem best undir frekara nám.

Nemendur skólans eru að jafnaði um 630 og starfsfólk 70 talsins. Við skólann starfar vel menntaður og reynslumikill hópur kennara og annars starfsliðs. Skólabragur skólans einkennist af heimilislegu andrúmslofti, jákvæðni, góðri umgengni og góðum samskiptum nemenda og starfsfólks og gagnkvæmri virðingu þeirra á milli.

Þetta skólaár var skólastarfið að mestu í eðlilegum skorðum þó að takmarkanir væru enn í samfélaginu vegna covid-19. Við byrjuðum skólaárið með grímuskyldu og 200 manna hámarksfjölda í rými, sem þýddi að kennsla var nokkuð hefðbundin en reglurnar höfðu talsverð áhrif á félagslíf nemenda. Vorönn 2022 var léttari og grímuskylda afnumin en þá tóku við talsverð veikindi hjá starfsfólki, og nemendum þrátt fyrir að ákvæði um sóttkví hafi verið rýmkuð.

Samkvæmt gildandi lögum um framhaldsskóla ber að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Ennfremur ber framhaldsskólum að vinna að umbótum og auknum gæðum ásamt því að veita hlutaðeigendi upplýsingar um skólastarfið. Árlega setur skólinn sér markmið og aðgerðaráætlun í samræmi við stefnu sína.

Áætlun og markmið fyrir skólaárið 2021-2022 sjá hér:

- [Stefnumiðaðri áætlun sbr. 31. gr laga um opin fjármál \(2021-2023\)](#)
- [Stefnumiðari áætlun sbr. 31. gr laga um opinber fjármál \(2022-2024\)](#)
- [Matsáætlun skólans fyrir árin 2021-2024](#)
- [Niðurstöðum úr sjálfsmati fyrra skólaárs](#)

Matsteymi skólans

Skólaárið 2021-2022 var Björk Þorgeirsdóttir, námstjóri, verkefnisstjóri sjálfsmats. Matsteymi um sjálfsmat skólans stýrir starfinu en það skipa verkefnisstjóri, stjórnendur, tveir fulltrúar kennara, tveir fulltrúar forráðamanna og tveir fulltrúar nemenda. Verkefnisstjóri stýrir fundum teymisins, ritar fundargerðir og árlega skýrslu um sjálfsmatið. Á þessu skólaári sátu eftirfarandi í sjálfsmatsteymi skólans: Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari, Ásdís Arnalds, aðstoðarskólameistari, Björk Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri og námstjóri, Guðný Rún Sigurðardóttir, fjármála- og skrifstofustjóri, Lilja Ósk Úlfarsdóttir, sálfræðikennari, og Jóhanna Björk Guðjónsdóttir, frönskukennari, sem fulltrúar kennara, Sigríður Ingólfssdóttir og Guðríður Inga Ingólfssdóttir, fulltrúar foreldrar, og Urður Ýr Þorsteinsdóttir og Elísabet Freyja Ólafsdóttir fulltrúar nemenda.

Sjálfsmatsskýrslan sem hér birtist gerir grein fyrir niðurstöðum úttekta og athugana sem gerðar hafa verið í Kvinnaskólanum skólaárið 2021-2022.

1.1 Matsáætlun skólaársins 2021 – 2022

| Haustönn 2021 | Vorönn 2022 |
|--|--|
| <p>Kennslu- og áfangamat:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Félagsgreinar, saga og íþróttir - Lagt fyrir í nóvember 2021 - Stjórnendamat og starfsmannasamtöl í kjölfarið - Kennarar sem fara í kennslumat geta skilað inn umsögnum um sína hópa/bekki <p>Viðhorfskönnun</p> <ul style="list-style-type: none"> - Móttaka, upplýsingagjöf, ánægja með skólann, líðan og samsömun - Lagt fyrir nýnema og forráðamenn þeirra í október 2021 <p>Lýðheilsa framhaldsskólanemenda (Rannsóknir og greining)</p> <ul style="list-style-type: none"> - Rannsókn og greining lagði fyrir í nóvember 2021 - Menntun, menning, samband við foreldra, heilsa, líðan og vímuefnaneysla í framhaldsskólum á Íslandi <p>Stofnun ársins 2021</p> <ul style="list-style-type: none"> - Starfsánægjukönnun Sameykis sem nær til starfsmanna í opinberri þjónustu - Spurningar snúa að níu þáttum í starfsumhverfinu: Trúverðugleika stjórnenda, starfsanda, launakjörum, vinnuskilyrðum, sveigjanleika í starfi, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægju og stolti og jafnrétti - Lagt fyrir í nóvember/desember 2021 | <p>Kennslu- og áfangamat:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Íslenska og raungreinar - Lagt fyrir í mars 2022 - Stjórnendamat og starfsmannasamtöl í kjölfarið - Kennarar sem fara í kennslumat geta skilað inn umsögnum um sína hópa/bekki. <p>Nemendakönnun</p> <ul style="list-style-type: none"> - Viðhorf til skólans, viðmót, líðan, þjónustu og námsframboð í kjarna og vali - Ákveðið að leggja fyrir <u>alla</u> nemendur skólans í mars 2022 <p>Könnun fyrir útskrifaða nemendur</p> <ul style="list-style-type: none"> - Nám eftir stúdentspróf, viðhorf til námsins og Kvinnaskólans og hvort námið í skólanum hafi verið góður undirbúningur fyrir frekara nám, vinnu og/eða samfélagslega þátttöku. - Nemendur sem útskrifuðust vorið 2017 - Lagt fyrir í mars 2022 <p>Framhaldsskólapúlsinn 2021-2022</p> <ul style="list-style-type: none"> - Samræmd könnun meðal framhaldsskólanema, spurt um líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag - Lagskipt úrtak (124 nemendur) - Lagt fyrir í apríl 2022 |

1.2 Tölulegar upplýsingar (nemendur)

Nemendatölur miðast við fjölda nemenda við lokun vinnumats hverrar annar, þ.e. þremur vikum eftir að kennsla hefst.

Innritun nýnema haustið 2021

| | Karlar | Konur | Kynsegin | Samtals |
|-----------|--------|-------|----------|---------|
| 1. bekkur | 42 | 159 | 0 | 201 |
| 2. bekkur | 1 | 5 | 0 | 6 |
| 3. bekkur | | 1 | | 1 |

Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir námsárum

| Námsbraut | Haust 2021 | | | | Vor 2022 | | | |
|------------------------------|------------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|
| | 1 bekkur | 2 bekkur | 3 bekkur | 4 bekkur | 1 bekkur | 2 bekkur | 3 bekkur | 4 bekkur |
| Félagsvísindabraut | 74 | 96 | 73 | 3 | 74 | 98 | 73 | 2 |
| Hugvísindabraut ¹ | 0 | 0 | 20 | 1 | | | 20 | |
| Náttúruvísindabraut | 127 | 119 | 115 | 8 | 125 | 116 | 114 | 1 |
| Samtals | 636 | | | | 623 | | | |

Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir kyni

| Námsbraut | Haust 2021 | | | Vor 2022 | | |
|---------------------|------------|------|----------|----------|------|----------|
| | Karl | Kona | Kynsegin | Karl | Kona | Kynsegin |
| Félagsvísindabraut | 43 | 203 | 0 | 44 | 203 | 0 |
| Hugvísindabraut | 4 | 17 | 0 | 4 | 16 | 0 |
| Náttúruvísindabraut | 118 | 251 | 0 | 112 | 244 | 0 |

Meðalaldur nemenda (ár)

| Námsbraut | Haust 2021 | Vor 2022 |
|---------------------|------------|----------|
| Félagsvísindabraut | 16,68 | 17,09 |
| Hugvísindabraut | 17,67 | 18,15 |
| Náttúruvísindabraut | 16,73 | 17,03 |

Fjöldi brautskráðra stúdenta í desember 2021 og maí 2022 eftir námsbraut og alls

| Námsbraut | Haust 2021 | Vor 2022 |
|------------------------------|------------|------------|
| Félagsvísindabraut | 0 | 73 |
| Hugvísindabraut ² | 5 | 19 |
| Náttúruvísindabraut | 1 | 107 |
| Alls | 6 | 199 |

Útskriftarhlutfall

Heildarfjöldi nemenda á haustönn 2021 var 636 og á vorönn 2022 623. Skólinn leggur áherslu á að sem flestir nemendur sem innritast í skólann nái að brautskrást frá skólanum á þremur árum. Alltaf er þó gert ráð fyrir að hluti nemenda þurfi eða velji að vera lengur en þrjú ár að ljúka stúdentsprófi.

- Á þriðja ári vorið 2022 voru 207 nemendur (þar af einn skiptinemi), brautskráðir vorið 2022 voru 199 (96,2%).
- Haustið 2019 innrituðust 224 nemendur í 1. bekk og vorið 2022 útskrifuðust 199 nemendur, 8 stefna að útskrift í desember 2022 og 1 vorið 2023. Útskriftarhlutfall innritunarhóps frá 2019 stefnir því í að verða 92,9%.

¹ Ekki bekkur á hugvísindabraut á 1. og 2. ári.

Viðveruskráning nemenda skólaárið 2021-2022
(sem hlutfall af heildartímafjölda)

| | Haustönn 2021 | Vorönn 2022 | Vorönn 2022 | Vorönn 2022 | Vorönn 2022 |
|--------------------------------------|----------------------|---------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| | Allir bekkir | Allir bekkir | 1. bekkur | 2. bekkur | 3. bekkur |
| <i>Mæting</i> | 90,7% | 85,5% | 86,8% | 84,3% | 85,6% |
| <i>Veikindi</i> | 5,2% | 9,5% | 9,3% | 9,9% | 9,4% |
| <i>Sóttkví</i> | 0,6% | 1,5% | 1,8% | 1,4% | 1,5% |
| <i>Leyfi</i> | 2% | 2,5% | 2,5% | 2,7% | 2% |
| <i>Skráðar fjarvistir (F) í Innu</i> | 8,5% | 13,6% | 12,7% | 14,4% | 13,7% |

Eitt af markmiðum skólans er að auka ábyrgð nemenda á eigin námi. Einn mælikvarðinn er skólasókn og þá sérstaklega útskýrð fjarvera úr kennslustundum. Við settum okkur það markmið að útskýrð fjarvera yrði undir 5% árið 2022. Á vorönn 2022 var mikið um tilkynnt veikindi og sóttkví en nemendur gátu fengið skráða mætingu í kennslustundir þegar verkefni voru unnin heima og skilað inn í lok kennslustunda.

1.3 Tölulegar upplýsingar (starfsfólk)

Fjöldi starfsfólks og stöðugilda 1. október 2021 og 1. mars 2022.

Skipurit skólans má sjá [hér](#).

| | Haust 2021 | | Vor 2022 | |
|------------------------|-------------------|-------------------|-----------------|-------------------|
| | Fjöldi | Stöðugildi | Fjöldi | Stöðugildi |
| <i>Kennarar</i> | 55 | 45,04 | 54 | 45,6 |
| <i>Þjónustusvið</i> | 11 | 8,26 | 12 | 9,6 |
| <i>Nemendabjónusta</i> | 3 | 1,7 | 3 | 1,7 |
| <i>Veikindaleyfi</i> | 1 | 0,7 | 3 | 1,67 |
| <i>Leyfi</i> | 1 | 0,9 | 0 | 0 |

2. Niðurstöður

2.1 Kennslu- og áfangamat

Á hverri önn er miðað við að 1/3 kennslugreina fari í kennslumat/áfangamat og hver kennari fari ekki sjaldnar í kennslumat og starfsmannasamtal en á tveggja ára fresti. Kennslu- og áfangamatið fer fram í Innu og er tilgangurinn að kennarar og stjórnendur fái vísbendingar um hvernig til hafi tekist í einstökum áföngum og/eða námsgreinum. Kennarar sjá niðurstöður sínar úr matinu í Innu og eru þær ræddar og rýndar í starfsmannasamtölum við skólameistara, aðstoðarskólameistara eða námstjóra. .

Sjá verklagsreglur vegna kennslu-/áfangamats [hér](#).

Á haustönn voru áfangar í félagsgreinum, sögu og íþróttum metnir. Kennslu- og áfangamatið var lagt fyrir nemendur í Innu vikuna 9.-15. nóvember, svarhlutfall var 79,2%.

Á vorönn voru áfangar í íslensku og raungreinum metnir. Kennslu- og áfangamatið var lagt fyrir nemendur í Innu vikuna 21.–28. mars, svarhlutfall var 67,9%.

Niðurstöður

Skólinn hefur sett sér það markmið að auka gæði náms og kennslu og að auka ábyrgð nemenda á eigin námi. Þessi markmið eru meðal annars mæld í kennslu- og áfangamatinu.

Markmiðin eru svohljóðandi:

- *Að ekki færri en 60% telja skipulag og framkvæmd kennslu mjög eða frekar góða*
- *Að svarhlutfall í kennslu- og áfangamati verði 75% eða hærra árið 2021 og 80% árið 2022.*
- *90% nemenda nota upplýsingar frá kennara til að vinna eftir (námsáætlun, ítarefni, fyriræli með verkefnum og prófspurningum) árið 2022*
- *80% nemenda telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum árið 2022*

| Niðurstöður kennslu- og áfangamats skólaárið 2021-2022 | Haut 2021 | Vor 2022 |
|---|-----------|----------|
| Telja kennsluaðferðir fjölbreyttar | 72% | 71% |
| Segja að námsgögn á áföngum séu góð | 70% | 76% |
| Segja kennara setja reglulega upplýsingar og leiðbeiningar inn í Innu | 89% | 84% |
| Segjast nota upplýsingar og leiðbeiningar frá kennurum í Innu | 89% | 90% |
| Segja að kennarar nái að vekja áhuga þeirra á námsefninu og vera jákvæða í garð nemenda | 80% | 83% |
| Segja kennara sýna áhuga á að nemendur taki framförum | 84% | 83% |
| Segjast geta leitað til kennara til að fá aðstoð við námið | 87% | 90% |
| Segja að kennarar skili úrlausnum með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum | 73% | 81% |
| Telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum | 75% | 85% |
| Finnst fyrirkomulag námsmats sanngjarnt | 82% | 84% |
| Segja vinnuálag í áföngunum miðað við einingafjölda hæfilegt | 79% | 77% |

Til viðbótar gafst nemendum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í tveimur opnum spurningum. Svör nemenda við opnum spurningum voru send kennurum viðkomandi áfanga um leið og aðrar niðurstöður.

Samhliða kennslu- og áfangamati sem lagt er fyrir nemendur í Innu fá kennarar tækifæri til að tjá sig um sína hópa. Þannig geta kennarar svarað því hvort það sé eitthvað sem þeir telji mikilvægt að koæmi fram varðandi kennslu í ákveðnum bekk og/eða áfanga. Þannig söfnum við upplýsingum um þætti sem geta haft áhrif á kennslu- og áfangamatið, s.s. þegar verið er að taka inn nýtt námsefni, breyta námsmati, hvenær dags kennslustundirnar í áfanganum eru, í hvaða stofum áfanginn er kenndur, bekkjarandi o.s.frv. Þessar upplýsingar eru skoðaðar samhliða niðurstöðum úr kennslu- og áfangamatinu og eru þar með hluti af gögnum sem stjórnendur rýna í fyrir starfsmannasamtöl.


2.2 Foreldra- og nýnemakönnun

Markmið skólans er að nemendur séu ánægðir og þeim líði vel í skólanum. Einn þáttur í þessu er að taka vel á móti nýnemum. Síðustu ár þá hafa nýnema og forráðamenn þeirra svarað könnunum þar sem m.a. er spurt um móttöku nýnema, kynningu á skólanum, nýnemaferðir, líðan í skólanum og ánægju með skólann.

Nemendakönnun – nýnemar haustið 2021

Á haustönn 2021 svöruðu nýnemar á 1. ári könnun þar sem spurt var um móttöku nýnema, nýnemaferðina, kynningu á skólanum, samsömum og líðan. Könnunin var lögð fyrir í Innu og var opin 20. október til 3. nóvember. Svarhlutfallið var 92,5%.



Niðurstöður




Til viðbótar gafst nemendum tækifæri til að koma ábendingum á framfæri til stjórnenda skólans í opinni spurningu: Svör við opnu spurningunni voru yfirfarin af stjórnendum og matsteymi skólans en þar bárust m.a. ábendingar varðandi félagslíf, framboð á mat í mötuneyti og skipulag prófa/verkefna á önninni.

Áhrif Covid-19 á síðustu skólaár hafa verið mikil og því var ákveðið að bera saman niðurstöður árána 2019 og 2021.


Samanburður á milli ára




Vegna sóttvarnareglna var ekki farið í nýnemaferð haustið 2020. Haustið 2021 var ákveðið að fara í nýnemaferð með nemendum í 1. og 2. bekk.




Af þeim sem mættu á opna húsið þá töldu 90% kynninguna góða 2021 en 79% árið 2019. Ekki var hægt að bjóða í opið hús í mars 2020 vegna samkomutakmarkana.



Hér má sjá samanburð hjá 1. bekk en haustið 2020 var þessi spurning í nemendakönnun sem lögð var fyrir alla nemendur skólans.



Þessi spurning tengist samsömun nemenda við skólann með vísan til líðan þeirra í skólanum og félagslegra tengsla við hann. Nemendur skólans tóku þátt í alþjóðlegu rannsókninni [Borgarbörn](#) (e. *International Study of City Youth*) árið 2018 og þá voru 54% mjög sammála, 35% frekar sammála, 8% svöruðu hvorki né og 3% voru ósammála.



Könnun fyrir forráðamenn nýnema sem hófu nám haustið 2021

Könnunin var send í tölvupósti til forráðamanna nýnema á 1. ári 6. október 2021, alls bárust 105 svör en 199 nemendur eru í 1. bekk.



Niðurstöður

1. "Upplýsingastreymi frá skólanum er gott"

| | |
|---|----|
|  Mjög sammála  Insights | 78 |
|  Frekar sammála | 27 |
|  Hvorki né | 0 |
|  Frekar ósammála | 0 |
|  Mjög ósammála | 0 |




2. Notar þú Innu til að fylgjast með mætingu barnsins þíns?

| | |
|---|----|
|  Oft | 27 |
|  Stundum | 34 |
|  Sjaldan | 23 |
|  Aldrei | 20 |
|  Ég veit ekki hvað Inna er | 1 |




3. Hvernig fannst þér skólinn taka á móti nýnemum núna í haust?

| | |
|--|----|
|  Mjög vel | 88 |
|  Frekar vel | 16 |
|  Hvorki né | 1 |
|  Frekar illa | 0 |
|  Mjög illa | 0 |




4. Notar þú Innu til að fylgjast með námsárangri barnsins þíns (t.d. einkunnum og/eða verkefnaskilum)?


| | |
|--|----|
|  Oft  Insights | 36 |
|  Stundum | 51 |
|  Sjaldan | 7 |
|  Aldrei | 10 |
|  Ég veit ekki hvað Inna er | 1 |




5. Hversu vel eða illa finnst þér starfsfólk skólans hafa leyst úr erindi eða erindum þínum?



6. Hvernig fannst þér skipulag og framkvæmd nýnemaferðarinnar?



7. "Kynningarfundur fyrir foreldra nýnema var mjög góður"



8. "Þegar á heildina er lítið þá er barnið mitt ánægt í skólanum"





Til viðbótar gafst forráðamönnum tækifæri til að koma ábendingum á framfæri í tveimur opnum spurningum:


- Er eitthvað sem þér finnst við gera vel varðandi móttöku nýnema, upplýsingagjöf frá skólanum og/eða kynningu á skólanum?
- Er eitthvað sem þér finnst að við mættum gera betur varðandi móttöku nýnema, upplýsingagjöf frá skólanum og/eða kynningu á skólanum?
- Annað sem þú vilt koma á framfæri til stjórnenda skólans?

Ákveðið var að bera saman niðurstöður úr könnunum sem lagðar eru fyrir forráðamenn nýnema fyrir árin 2019, 2020 og 2021.


Samanburður á milli ára




NOTAR ÞÚ INNU TIL AÐ FYLGJAST MEÐ MÆTINGU/SKÓLASÓKN





NOTAR ÞÚ INNU TIL AÐ FYLGJAST MEÐ NÁMSÁRANGRI



HVERSU VEL/ILLA FINNST ÞÉR STARFSFÓLK SKÓLANS HAVA LEYST ÚR ERINDI/ERINDUM ÞÍNUM?



Af þeim sem hafa þurft að leita til skólans þá svöruðu 62% mjög vel, 25% vel og 13% hvorki né.



Hlutfall þeirra sem mættu á kynningarfundinn: 63% mjög sammála, 33% frekar sammála og 4% skv. myndinni 3% svörðu hvorki né.

2.2. Nemendakönnun

Samkvæmt matsáætlun skólans var lögð fyrir nemendur könnun þar sem spurt var um líðan, þjónustu og námsframboð. Matsáætlunin gerði ráð fyrir að nemendur á 2. – 4. ári myndu svara könnuninni en ákveðið var að leggja könnunina fyrir alla nemendur skólans.

Eitt af markmiðum skólans er að nemendum séu ánægðir og að þeim líði vel í skólanum. Mælikvarðar fyrir þetta markmið eru m.a. eftirfarandi spurningar í nemendakönnuninni:

- Hversu líklegt/ólíklegt er að þú myndir velja Kvennaskólann aftur, ef þú værir að hefja nám í framhaldsskóla?
- Hversu líklegt/ólíklegt er að þú myndir mæla með námi við Kvennaskólann?
- „Mér líður vel í skólanum“
- „Mér finnst ég vera hluti af tilteknum hópi í skólanum“

Könnunin var lögð fyrir í Innu í mars 2022, opnuð 8. mars og lokað 16. mars. Svarhlutfallið var 78,3%.

Niðurstöður

| | | |
|--|--|---|
| <p>Hversu vel/illa undirbjó grunnskólinn þig fyrir nám í framhaldsskóla?</p> <ol style="list-style-type: none"> Mjög vel 14% (70/483) Frekar vel 49% (236/483) Hvorki né 16% (78/483) Frekar illa 18% (85/483) Mjög illa 3% (14/483) | <p>Tölulegar upplýsingar Fj. svara: 483 af 487 Svarhlutfall: 99%</p> | <p>A bar chart with five bars representing response categories: Mjög vel (green, ~70), Frekar vel (blue, ~236), Hvorki né (yellow, ~78), Frekar illa (orange, ~85), and Mjög illa (red, ~14). A callout box points to the 'Hvorki né' bar with the text 'Hvorki né Fjöldi: 78'.</p> |
| <p>Hversu líklegt/ólíklegt er að þú myndir velja Kvinnaskóliann aftur, ef þú værir að hefja nám í framhaldsskóla?</p> <ol style="list-style-type: none"> Mjög líklegt 47% (226/484) Frekar líklegt 30% (145/484) Hvorki né 12% (59/484) Frekar ólíklegt 9% (42/484) Mjög ólíklegt 2% (12/484) | <p>Tölulegar upplýsingar Fj. svara: 484 af 487 Svarhlutfall: 99%</p> | <p>A bar chart with five bars representing response categories: Mjög líklegt (green, ~226), Frekar líklegt (blue, ~145), Hvorki né (yellow, ~59), Frekar ólíklegt (orange, ~42), and Mjög ólíklegt (red, ~12).</p> |
| <p>Hvað finnst þér um námsframboð í skyldunámi (kjarna) á þinni braut?</p> <ol style="list-style-type: none"> Mjög gott 15% (70/480) Frekar gott 70% (338/480) Ekki nógu gott 14% (66/480) Óviðunandi 1% (6/480) | <p>Tölulegar upplýsingar Fj. svara: 480 af 487 Svarhlutfall: 99%</p> | <p>A bar chart with four bars representing response categories: Mjög gott (green, ~70), Frekar gott (blue, ~338), Ekki nógu gott (yellow, ~66), and Óviðunandi gott (red, ~6).</p> |
| <p>Hvað finnst þér um námsframboð valáfanga?</p> <ol style="list-style-type: none"> Mjög gott 24% (116/482) Frekar gott 59% (282/482) Ekki nógu gott 16% (79/482) Óviðunandi 1% (5/482) | <p>Tölulegar upplýsingar Fj. svara: 482 af 487 Svarhlutfall: 99%</p> | <p>A bar chart with four bars representing response categories: Mjög gott (green, ~116), Frekar gott (blue, ~282), Ekki nógu gott (yellow, ~79), and Óviðunandi gott (red, ~5).</p> |
| <p>Hversu líklegt/ólíklegt er að þú myndir mæla með námi við Kvinnaskólann?</p> <ol style="list-style-type: none"> Mjög líklegt 51% (244/483) Frekar líklegt 33% (161/483) Hvorki né 13% (62/483) Frekar ólíklegt 2% (10/483) Mjög ólíklegt 1% (6/483) | <p>Tölulegar upplýsingar Fj. svara: 483 af 487 Svarhlutfall: 99%</p> | <p>A bar chart with five bars representing response categories: Mjög líklegt (green, ~244), Frekar líklegt (blue, ~161), Hvorki né (yellow, ~62), Frekar ólíklegt (orange, ~10), and Mjög ólíklegt (red, ~6).</p> |
| <p>Hvað finnst þér um þjónustu starfsfólks í mötuneytinu í U?</p> <ol style="list-style-type: none"> Mjög góð 47% (226/484) Frekar góð 37% (178/484) Ekki nógu góð 5% (23/484) Óviðunandi 0% (2/484) Ég nota ekki mötuneytið 11% (55/484) | <p>Tölulegar upplýsingar Fj. svara: 484 af 487 Svarhlutfall: 99%</p> | <p>A bar chart with five bars representing response categories: Mjög góð (green, ~226), Frekar góð (blue, ~178), Ekki nógu góð (yellow, ~23), Óviðunandi (red, ~2), and Ég nota ekki mötuneytið (orange, ~55).</p> |
| <p>Hvernig finnst þér framboð á vörum í mötuneytinu vera?</p> <ol style="list-style-type: none"> Mjög gott 14% (69/483) Frekar gott 48% (230/483) Ekki nógu gott 25% (122/483) Óviðunandi 3% (15/483) Ég nota ekki mötuneytið 10% (47/483) | <p>Tölulegar upplýsingar Fj. svara: 483 af 487 Svarhlutfall: 99%</p> | <p>A bar chart with five bars representing response categories: Mjög gott (green, ~69), Frekar gott (blue, ~230), Ekki nógu gott (yellow, ~122), Óviðunandi (red, ~15), and Ég nota ekki mötuneytið (orange, ~47).</p> |

Hvernig finnst þér þjónustan á bókasafninu?

| | | |
|----------------------------|-----|-----------|
| 1. Mjög góð þjónusta | 15% | (74/482) |
| 2. Frekar góð þjónusta | 40% | (193/482) |
| 3. Ekki góð þjónusta | 2% | (12/482) |
| 4. Óviðunandi þjónusta | 0% | (2/482) |
| 5. Ég nota ekki bókasafnið | 42% | (201/482) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 482 af 487
Svarhlutfall: 99%




Hvað finnst þér um opnunartíma bókasafnsins?

| | | |
|---|-----|-----------|
| 1. Opnunartíminn er mjög góður | 17% | (81/484) |
| 2. Frekar góður | 23% | (109/484) |
| 3. Ekki nægilega langur | 5% | (26/484) |
| 4. Óviðunandi | 0% | (2/484) |
| 5. Ég veit ekki hvenær bókasafnið er opið | 23% | (113/484) |
| 6. Ég nota ekki bókasafnið | 32% | (153/484) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 484 af 487
Svarhlutfall: 99%




Hvað finnst þér um lestrar- og vinnuástöðuna á bókasafninu?

| | | |
|----------------------------|-----|-----------|
| 1. Mjög góð | 35% | (171/483) |
| 2. Frekar góð | 34% | (164/483) |
| 3. Ekki nógu góð | 4% | (17/483) |
| 4. Óviðunandi | 0% | (2/483) |
| 5. Ég nota ekki bókasafnið | 27% | (129/483) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 483 af 487
Svarhlutfall: 99%




Hvernig finnst þér þjónustan á skrifstofu skólans í A?

| | | |
|--|-----|-----------|
| 1. Mjög góð | 62% | (297/482) |
| 2. Frekar góð | 28% | (134/482) |
| 3. Ekki nógu góð | 1% | (6/482) |
| 4. Óviðunandi | 0% | (2/482) |
| 5. Ég hef ekki þurft að leita til skrifstofunnar | 9% | (43/482) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 482 af 487
Svarhlutfall: 99%




Hvað finnst þér um opnunartíma skrifstofunnar í A?

| | | |
|--|-----|-----------|
| 1. Opnunartíminn er mjög góður | 15% | (73/483) |
| 2. Frekar góður | 33% | (160/483) |
| 3. Ekki nægilega langur | 12% | (59/483) |
| 4. Óviðunandi | 1% | (5/483) |
| 5. Ég veit ekki hvenær skrifstofan er opin | 33% | (159/483) |
| 6. Ég hef ekki þurft að leita til skrifstofunnar | 6% | (27/483) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 483 af 487
Svarhlutfall: 99%




Hversu gott aðgengi finnst þér þú hafa að stjórnendum skólans?

| | | |
|--|-----|-----------|
| 1. Mjög gott | 30% | (146/484) |
| 2. Frekar gott | 37% | (180/484) |
| 3. Frekar lítið | 6% | (30/484) |
| 4. Mjög lítið | 0% | (1/484) |
| 5. Ég hef ekki þurft að leita til stjórnenda skólans | 26% | (127/484) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 484 af 487
Svarhlutfall: 99%




Hvað finnst þér um viðmót stjórnenda skólans?

| | | |
|--|-----|-----------|
| 1. Mjög þægilegt viðmót | 27% | (130/481) |
| 2. Frekar þægilegt viðmót | 37% | (177/481) |
| 3. Frekar óþægilegt viðmót | 5% | (22/481) |
| 4. Mjög óþægilegt viðmót | 1% | (3/481) |
| 5. Ég hef ekki þurft að leita til stjórnenda skólans | 31% | (149/481) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 481 af 487
Svarhlutfall: 99%




Hversu gott aðgengi finnst þér þú hafa að náms- og starfsráðgjöfum skólans?

| | | |
|---|-----|-----------|
| 1. Mjög gott | 33% | (160/482) |
| 2. Frekar gott | 33% | (160/482) |
| 3. Frekar lítið | 4% | (18/482) |
| 4. Mjög lítið | 0% | (2/482) |
| 5. Ég hef ekki þurft að leita til náms- og starfsráðgjafa | 29% | (142/482) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 482 af 487
Svarhlutfall: 99%




Hvað finnst þér um þjónustu náms- og starfsráðgjafa í skólanum?

| | | |
|--|-----|-----------|
| 1. Mjög góð þjónusta | 34% | (162/482) |
| 2. Frekar góð þjónusta | 26% | (124/482) |
| 3. Ekki nógu góð þjónusta | 4% | (21/482) |
| 4. Óviðunandi þjónusta | 0% | (0/482) |
| 5. Ég hef ekki þurft að leita til náms- og starfsráðgjafa í skólanum | 36% | (175/482) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 482 af 487
Svarhlutfall: 99%




Hversu gott aðgengi finnst þér þú hafa að sálfræðingi skólans?

| | | |
|--|-----|-----------|
| 1. Mjög gott | 8% | (39/479) |
| 2. Frekar gott | 14% | (65/479) |
| 3. Frekar lítið | 7% | (34/479) |
| 4. Mjög lítið | 4% | (17/479) |
| 5. Ég hef ekki þurft að leita til skólasálfræðings | 57% | (275/479) |
| 6. Ég vissi ekki að það væri sálfræðingur í skólanum | 10% | (49/479) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 479 af 487
Svarhlutfall: 98%




Hvað finnst þér um þjónustu skólasálfræðingsins?

| | | |
|---|-----|-----------|
| 1. Mjög góð þjónusta | 8% | (41/483) |
| 2. Frekar góð þjónusta | 11% | (52/483) |
| 3. Ekki nógu góð þjónusta | 4% | (19/483) |
| 4. Óviðunandi þjónusta | 2% | (11/483) |
| 5. Ég hef ekki þurft að leita til skólasálfræðingsins | 75% | (360/483) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 483 af 487
Svarhlutfall: 99%




Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: "Mér líður vel í skólanum"

| | | |
|--------------------|-----|-----------|
| 1. Mjög sammála | 45% | (216/481) |
| 2. Frekar sammála | 44% | (211/481) |
| 3. Frekar ósammála | 9% | (45/481) |
| 4. Mjög ósammála | 2% | (9/481) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 481 af 487
Svarhlutfall: 99%




Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: "Mér finnst ég vera hluti af tilteknum hópi í skólanum"

| | | |
|--------------------|-----|-----------|
| 1. Mjög sammála | 52% | (250/482) |
| 2. Frekar sammála | 35% | (169/482) |
| 3. Frekar ósammála | 10% | (49/482) |
| 4. Mjög ósammála | 3% | (14/482) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 482 af 487
Svarhlutfall: 99%



Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: "Kvennó er jafnréttissinnaður skóli"

| | | |
|--------------------|-----|-----------|
| 1. Mjög sammála | 55% | (263/481) |
| 2. Frekar sammála | 33% | (160/481) |
| 3. Hvorki né | 9% | (43/481) |
| 4. Frekar ósammála | 2% | (8/481) |
| 5. Mjög ósammála | 1% | (7/481) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 481 af 487
Svarhlutfall: 99%



Helstu niðurstöður eru þær að rúmlega 60% nemenda telja sig hafa verið mjög eða frekar vel undirbúna fyrir nám í framhaldsskóla og meirihluti nemenda telur mjög eða frekar líklegt að þeir myndu velja Kvennaskólann aftur ef þeir væru að hefja nám í framhaldsskóla eða 77% og 84% segja mjög eða frekar líklegt að þeir myndu mæla með náminu við skólann. Yfir 80% nemenda telja námsframboð á áföngum í skyldunámi (kjarna) og vali mjög eða frekar gott. Nemendur eru almennt ánægðir með þjónustu (84%) og framboð á vörum (62%) í mótuneyti skólans. Nemendur sem nota bókasafnið eru almennt ánægðir með þjónustuna, opnunartíma og aðstöðuna þar en athygli vekur hátt hlutfall nemenda sem segist ekki nota bókasafn skólans. Nær allir sem hafa þurft að leita til skrifstofu skólans telja þjónustuna þar mjög eða

frekar góða. Meirihluti nemenda telur aðgengi og viðmót stjórnenda gott og almenn ánægja er með aðgengi og þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Nemendur sem hafa nýtt sér þjónustu skólasálfræðings eru ánægðir með þjónustuna þar. Tæplega 90% nemenda segja að þeim líði vel í skólanum og að þeir upplifi sig sem hluta af tilteknum hópi í skólanum. Jafnréttisteymi skólans óskaði eftir því að í könnuninni yrði líka spurt um viðhorf til jafnréttismála í skólanum. Nær 90% nemenda voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Kvennó er jafnréttissinnaður skóli“.

2.3 Lýðheilsa framhaldsskólanema (Ungt fólk 2021)

Skólinn tók þátt í rannsókn meðal framhaldsskólanema sem *Rannsóknir og greining lagði* fyrir nemendur í framhaldsskólum á Íslandi í nóvember 2021. Rannsóknin er þýðisrannsókn en í því felst að spurningalisti er lagður fyrir alla nemendur sem mættir eru í dagskóla á tilteknum degi. Fyrirlögnin 2021 var rafræn vegna þeirra samkomutakmarkana sem Covid-19 hafði í för með sér. Í könnuninni var spurt um vímuefnaneyslu, s.s. neyslu áfengis og annarra vímuefna, þ.á.m. notkun nikótínþúða og rafsígarettar, munn- og neftóbaks og lyfseðilsskyldra lyfja án lyfseðils. Einnig er fjallað um viðhorf til náms og kennslu, heilsu og líðan. Niðurstöðurnar voru sendar áfram til forvarnar- og jafnréttisfulltrúa skólans.

2.4. Könnun fyrir útskrifaða nemendur

Eitt af markmiðum skólans er að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms og því mikilvægt að fá svör frá útskrifuðum nemendum. Könnun var send í tölvupósti í mars 2022 til nemenda sem útskrifuðust vorið 2017. Alls útskrifuðust 171 stúdent þetta vor og vorum við með skráð 145 einkanetföng hjá þeim. Alls 83 svöruðu könnuninni sem gerir 57% svarhlutfall.

Markmið með könnuninni var að fá upplýsingar um hvort útskrifaðir nemendur hefðu farið í nám eftir stúdentspróf eða stefni á að fara í nám, kanna viðhorf þeirra til námsins og skólans og hvort þeir telji að námið í skólanum hafi verið góður undirbúningur fyrir frekara nám, vinnu og/eða samfélagslega þátttöku.

Helstu niðurstöður

| | Könnun vorið 2022: útskrifaðir vorið 2017 | Könnun vorið 2019: útskrifaðir vorið 2015 |
|--|--|--|
| Fóru í nám eftir stúdentspróf | 95% | 88% |
| Voru búin að ákveða í hvaða nám þeir ætluðu þegar þeir voru í Kvennaskólanum | 41% | 26% |
| Töldu að námið í Kvennaskólanum hafi verið góður undirbúningur fyrir frekara nám | 91% | 85% |
| Töldu að miklar kröfur hefðu verið gerðar til þeirra í náminu | 80% | 67% |
| Töldu námið í Kvennaskólanum hafa verið of létt | 5% | 18% |

| | | |
|---|-----|-----|
| Töldu að námið í skólanum hafa verið góðan undirbúning fyrir þátttöku á vinnumarkaði | 63% | 57% |
| Töldu að námið í Kvennaskólanum hafi verið góður undirbúningur fyrir samfélagslega þátttöku | 84% | 81% |
| Töldu líklegt að þau myndu mæla með náminu í Kvennaskólanum | 96% | 91% |

Langflestir fóru í nám eftir stúdentspróf eða 95%. Í könnuninni þá voru þátttakendur beðnir um að svara spurningunni: *Ef þú fórst í nám eftir stúdentsprófið úr Kvennaskólanum, í hvaða nám fórst þú?*

Mjög áhugavert að sjá í hversu fjölbreytt nám útskrifaðir nemendur fóru eftir stúdentsprófið. Flestir fóru í verkfræði (12), hjúkrunarfræði (9), sálfræði (8), kennaranám (6) og viðskiptafræði (5). En að auki fóru nemendur í: Dans, ensku, félagsráðgjöf, flugnám, grafíska hönnun, hagfræði, hljóðtækni, húsasmíði, íslensku, íþrótt- og heilsufræði, jarðfræði, klæðskeranám, nám í Kvímyndaskólanum, leikhúsförðun, lífefnafræði, lyfjafræði, lækisfræði, lögræði, mannfræði, mannauðsstjórnun, opinbera stjórnsýslu, sagnfræði, sjávarútvegsfræði, sjúkraþjálfun, stílistanám, stjórnmálafræði, stærðfræði, tannlækisfræði, tónsmíðar, tölvunarfræði, uppeldis- og menntunarfræði, þroskaþjálfing og þýsku.

Til viðbótar gafst þátttakendum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í þremur opnum spurningum:

Nefndu það sem þér fannst vel gert og gott í náminu þínu í Kvennaskólanum.

Það sem **flestir** nefndu var:

- *Góðir, hvetjandi og áhugasamir kennarar*
- *Mikill stuðningur og utanumhald*
- *Góður andi í skólanum*
- *Námið krefjandi en skemmtilegt og fjölbreytt*
- *Fjölbreyttir og áhugaverðir valáfangar*
- *Gott skipulag, blanda af bekkjartímum og valtímum*
- *Gott félagslíf*

Hvað fannst þér betur mega fara varðandi námið í Kvennaskólanum?

Það sem **flestir** nefndu var:

- *Leggja meiri áherslu á kennslu um fjármál, skatta, laun, forritun og almenna tölvukennslu*
- *Skipulag, framkvæmd og framboð raungreina- og stærðfræðiáfangar fyrir nemendur á félags- og hugvísindabraut*

Viltu koma einhverju sérstöku á framfæri?

Það sem **flestir** nefndu var:

- *Ánægja með að hafa valið Kvennaskólann og þykir vænt um skólann*
- *Eiga góðar minningar frá skólanum*
- *Góðvild starfsfólks*


Þessar niðurstöður benda til þess að útskrifaðir nemendur frá Kvennaskólaum telji sig vel undirbúna fyrir framhaldsnám og eru ánægðir með skólann sinn. Farið verður yfir ábendingar varðandi kennsluaðferðir, námsmat og framboð áfanga í ákveðnum námsgreinum með viðkomandi kennurum og/eða deildum.

2.5. Stofnun ársins

Könnunin [Stofnun ársins](#) var lögð fyrir starfsfólk í nóvember/desember 2021. Könnunin er gerð árlega af Sameyki stéttarfélagi í almannaþjónustu í samstarfi við Fjármála- og efnahagsráðuneytið og sér Gallup um framkvæmd hennar. Í könnuninni er spurt um stjórnun skólans, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunarinnar, ánægju, stolt og jafnrétti. Svarhlutfallið var 58%.

Heildareinkunn skólans árin, 2018, 2019, 2020 og 2021:


| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|-------------------|------|------|------|-------|
| Heildarmat | 4,08 | 4,11 | 4,20 | 4,115 |



Eitt af markmiðum skólans er, aukin starfsánægja þar sem mælikvarðarnir eru m.a. niðurstöður úr Stofnun ársins. Viðmið okkar fyrir árið 2022 eru eftirfarandi: Starfsandi (4,5), vinnuskilyrði (3,9) og ánægja og stolt (4,7).

Fimm þættir sem komu **best** út hjá skólanum í könnuninni haustið 2021 voru:

Fimm hæstu einkunnir stofnunar



Fimm atriði sem fengu lakasta útkomu hjá skólanum má sjá hér fyrir neðan. Athuga að tölur í sviga sýna mun á meðaltali stofnunarinnar og meðaltali stofnana í sama stofnanaflokki.

Fimm lægstu einkunnir stofnunar



Helstu niðurstöður eru að starfsfólk er stolt af skólanum, lyndir vel við samstarfsfólk sitt og segir að í skólanum sé skýr stefna um jafnréttismál. Athygli vekur að starfsfólk telur sveigjanleika í vinnu og vinnuskilyrði (t.d. hljóðvist, loftgæði og öryggi á vinnustað) minni hér en í sambærilegum stofnunum. Starfsfólk fékk kynningu á niðurstöðum úr Stofnun ársins á vinnudögum í maí 2022 og í framhaldi af því vann starfsfólk í hópum með spurningarnar:

- Hverjar ætli séu helstu ástæður þess að niðurstöður sýni að starfsfólk Kvennaskólans telji sveigjanleika minni en í öðrum framhaldsskólum?
- Hvað geta stjórnendur skólans gert til að auka sveigjanleika starfsfólks.

Unnið verður áfram með niðurstöður úr hópastarfinu á haustönn 2022.

2.6. Framhaldsskólalapsinn 2021-2022

Könnunin fór fram á netinu, hófst 8. apríl og lauk 1. maí. Skólalapsinn er úrtakskönnun og voru 124 nemendur í úrtakinu en alls svöruðu **96 nemendur** könnuninni eða 77,4%. Í könnuninni er spurt um líðan, námsumhverfi, virkni í námi og skólabrag.

Eitt af markmiðum skólans er að auka ábyrgð nemenda á eigin námi og einn af mælikvörðum er virk þátttaka nemenda í tímum (5,4) sem er mælt í Framhaldsskólalapsinum. Niðurstaðan árið 2022 var að nemendur mátu virka þátttöku sína í tímum uppá 4,8 þannig að við náðum ekki markmiði okkar.

Niðurstöður úr Framhaldsskólalapsinum bárust skólanum í maí 2022 og mun matsteymið rýna í og vinna með niðurstöðurnar á haustönn 2022.

2.7. Markmið, mælikvarðar, gögn til grundvallar, viðmið og staðan 2021-2022

| Markmið | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Viðmið | Staðan 2021-2022 |
|---|---------------------------|---|--|--|
| <i>Auka ábyrgð nemenda á eigin námi</i> | Skólasókn | Mætingaprósenta | Undir 5% óútskýrð fjarvera | 90,7% raunskólasókn haustið 2021 og 85,5% raunskólasókn vorið 2022 |
| | Námsframvinda | Fjöldi nemenda í endurtökuprófum ³ | 45 þeytt endurtökupróf vor 2022 | 70 þeytt endurtökupróf vor 2022 |
| | Mat nemenda á eigin stöðu | Kennslu- og áfangamat | 90% nota upplýsingar frá kennara til að vinna með. | 89% haust 2021 90% vor 2022 |
| | | Framhaldsskólapúlsinn | 80% telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum | 75% haust 2021 85% vor 2022 |
| | | | Virk þátttaka nemenda í tímum 5,4 | Virk þátttaka nemenda í tímum 4,8 |

| Markmið | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Viðmið | Staðan 2021-2022 |
|----------------------------------|--------------------------|-----------------------------|--|--|
| <i>Auka gæði náms og kennslu</i> | Líðan nemenda í skólanum | Viðhorfskannanir | 75% nemenda líður vel í skólanum | 89% nýnema haust 2021 89% vor 2022 (allir nemendur) |
| | | | 75% telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum | Haust 2021: 83% nýnema Vor 2021: 87% allir nemendur |
| | | | Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum 80% | Haust 2021: 93% nýnema ánægð með að hafa valið Kvinnaskólann |

³ Nemendur sem hafa aðaleinkunn 5,0 eða hærri í lok skólaárs en hafa hlotið lokaeinkunn undir 5 í einhverjum áföngum hafa heimild til að þreyta endurtökupróf í einum til tveimur kjarnaáföngum við lok skólaárs. Sjá reglur skólans um endurtökupróf hér: <https://www.kvenno.is/is/nam-kennsla/namsmat-og-namsframvinda/reglur-um-endurtokuprof>

| | | | |
|--|-----------------------|---------------|--|
| | | | <p>Vor 2022: 84% mæla með námi við skólann (allir nemendur)</p> <p>Vor 2022: 77% telja mjög eða frekar líklegt að skólinn yrði valinn aftur (allir nemendur)</p> <p>Vor 2022: 96% útskrifaðra nemenda töldu líklegt að þau myndu mæla með skólanum</p> |
| | Framhaldsskólupúlsinn | Námsáhugi 5,0 | Námsáhugi 4,8 (vor 2022) |

| Markmið | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Viðmið | Staðan 2021-2022 |
|----------------------------------|---|-----------------------------|--|---|
| <i>Auka gæði náms og kennslu</i> | Viðhorf til námsframboðs í kjarna og vali (allar brautir) | Könnun | 80% ánægð með námsframboð | <p>Vor 2022: 80% ánægð með námsframboð í skyldunámi (kjarna)</p> <p>Vor 2022: 83% finnst framboð valáfanga gott</p> |
| | Þátttaka í kennslu- og áfangamati | Svarhlutfall | 75% svarhlutfall (2021) 80% svarhlutfall (2022) | 79,2% svarhlutfall haust 2021 67,9% svarhlutfall vor 2022 |
| | Skipulag og framkvæmd kennslu | Kennslu- og áfangamat | 60% telja skipulag og framkvæmd kennslu mjög eða frekar góða | Haust 2021: 72% telja kennsluaðferðir fjölbreyttar |

| | | | |
|--|--|--|--|
| | | | 79% segja vinnuálag miðað við einingafjölda hæfilegt |
| | | | Vor 2022: 71% telja kennsluaðferðir fjölbreyttar |
| | | | 77% segja vinnuálag miðað við einingafjölda hæfilegt |

| | Markmið | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Viðmið | Staðan 2021-2022 |
|---------------------------|--|----------------------------------|-----------------------------|--|--|
| | <i>Að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms</i> | Hlutfall nemenda í framhaldsnámi | Könnun | Viðmið 2021: 90% útskrifaðra nemenda fara í framhaldsnám | Vor 2022: 95% fór í nám eftir stúdentspróf |
| | | | | | |
| | Markmið | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Viðmið | Staðan 2021-2022 |
| <i>Aukin starfsánægja</i> | Starfsandi Vinnuskilyrði Ánægja og stolt | Stofnun ársins | | Viðmið 2021/2022 Starfsandi = 4,5 Vinnuskilyrði=3,9 Ánægja og stolt = 4,7 | Haust 2021: Starfsandi = 4,36 Vinnuskilyrði = 3,71 Ánægja og stolt = 4,51 |

3 Greining á niðurstöðum

3.1 Styrkleikar

- Útskriftarhlutfall innritaðra nemenda er hátt og langflestir nemendur ljúka 200 eininga stúdentsprófi á 3 árum.
- Nemendur eru ánægðir með skipulag og framkvæmd kennslu og námsframboð.
- Nýnemar og forráðamenn eru ánægðir með upplýsingagjöf frá skólanum og móttöku nýnema.
- Nemendum líður almennt vel í skólanum og flestir upplifa sig sem hluta af tilteknum hópi.

- Mikill meirihluti útskrifaðra nemenda fer í nám eftir stúdentspróf frá Kvennaskólanum.
- Útskrifaðir nemendur telja námið í Kvennaskólanum hafa verið góðan undirbúning fyrir frekara nám, samfélagslega þátttöku og vinnumarkað.
- Núverandi og fyrrverandi nemendur mæla með náminu í Kvennaskólanum.
- Nemendur eru ánægðir með þjónustuna í mötuneyti og á skrifstofu skólans.
- Meirihluti nemenda telur aðgengi og þjónustu náms- og starfsráðgjafa góða.
- Starfsfólk er ánægt og stolt af skólanum og telur stofnunina trausta.
- Í skólanum er skýr stefna um jafnréttismál og áhersla á jafnrétti kynjanna.

3.2 Tækifæri til umbóta

- Safna saman og greina tölulegar upplýsingar um námsframvindu og viðveru nemenda (gögn í Innu).
- Vinna áfram með niðurstöður úr Stofnun ársins.
- Kynna betur fyrir nemendum kennslu- og áfangamatið með það að leiðarljósi að ná betra svarhlutfalli.
- Kynna betur aðstöðu og þjónustu bókasafnsins.

4 Verkefni/aðgerðir

4.1 Markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2021-2022

| Markmið | Úrbætur |
|--|--|
| <i>Auka samráð við foreldra</i> | Starf matsteymis og forvarnarteymis kynnt á foreldrafundi á haustönn 2021. Tveir fulltrúar forráðamanna komu inn í matsteymið á skólaárinu. |
| <i>Vinna að endurbótum á húsbúnaði í kennslustofum</i> | Vinna í gangi. Verið að setja upp skjái í stað skjávarpa og endurnýja borð og stóla. |
| <i>Kanna viðhorf, gengi og afdrif nemenda eftir brautskráningu</i> | Könnun send til nemenda sem útskrifuðust vorið 2017. |
| <i>Auka lýðræði í skólastarfinu</i> | Hádegisfundir (rýnihópar) með nemendum. Heldur áfram á næsta skólaári. |
| <i>Skólareglur</i> | Almennar reglur samþykktar í skólaráði 1.10.2021. (https://www.kvenno.is/is/skolinn/skolinn/skolareglur-1) Upplýsingar og leiðbeiningar um heiðarleg vinnubrögð í námi kynntar í öllum bekkjum, sjá hér: https://www.kvenno.is/static/files/sidferdi-og-heidarleg-vinnubrogd-i-nami.pdf |
| <i>Breyting á stundatöflu</i> | Tilraunaverkefni á skólaárinu. Fyrsta kennslustund hefst kl. 8:30 í stað 8:10 og hver kennslustund 55 mín. Tókst vel og samþykkt í kosningu að breyta til framtíðar. |
| <i>Matsáætlun</i> | Matsáætlun 2021-2024 samþykkt á fundi í matsteymi 13.12.2021. (https://www.kvenno.is/is/moya/page/matsaaetlun-2021-2024) |

| | |
|---|--|
| <i>Samráð um þarfir í endurmenntun</i> | Könnun lögð fyrir starfsfólk eftir húsþing haust- og vorannar. Rætt í starfsmannasamtölum. |
| <i>Starfsfólk af erlendum uppruna</i> | Ekki búið að þýða handbók starfsfólks en á skólaárinu voru auglýsingar frá starfsmannafélaginu þýddar yfir á pólsku og afhentar. |
| <i>Samgöngustefna, samgöngustyrkur</i> | Endurskoðun í gangi. Heldur áfram á næsta skólaári. |
| <i>Bókasafnið</i> | Skráning í nýtt bókasafnskerfi í vinnslu. |
| <i>Hleðslustöðvar fyrir rafbíla starfsfólks</i> | Unnið í samvinnu við FSRE. Lokið á vorönn 2022. |

4.2. Markmið og úrbætur sem stefnt er að á skólaárinu 2022–2023

Markmið Úrbætur

| | |
|--|---|
| <i>Efla nemendalýðræði innan skólans</i> | Heldur áfram frá fyrra skólaári. Hádegisfundir með nemendum (rýnihópar) og stefnt að því að halda skólamálaþing. |
| <i>Stoðþjónusta</i> | Efla hópráðgjöf og námskeið á vegum stoðþjónustu skólans. Á skólaárinu 2021-2022 var boðið uppá örnámskeið fyrir nemendur. Þjónusta skólahjúkrunarfræðings skv. samningi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Skipuleggja samstarf stoðþjónustuteymis: Náms- og starfsráðgjafar, skólasálfræðingur og skólahjúkrunarfræðingur. |
| <i>Endurskoða reglur um skólasókn</i> | Vinna í gangi. Hófst á vorönn 2022. |
| <i>Dreifa betur prófaálagi á önn</i> | Vinna í gangi, hófst á vorönn 2022. Sameiginleg skrá þar sem allir kennarar skrá inn stærri verkefni og/eða próf. Heldur áfram á þessu skólaári. |
| <i>Upplýsingamiðlun</i> | Mánaðarlegt yfirlit (rafrænt og veggspjald) yfir það sem er á döfinni í starfi skólans. Byrjað að senda á síðasta skólaári. |
| <i>Vistvænar samgöngur</i> | Hjólageymsla fyrir starfsfólk. Unnið í samvinnu FSRE. Áætlað að ljúki 2024. Endurskoða ákvæði og fjárhæð í samgöngusamningi skólans. |
| <i>Vinna áfram að lagfæringum á loftgæðum og hljóðvist í samvinnu við FSRE</i> | Vinna heldur áfram. |

| | |
|--|---|
| <i>Samráð um þarfir í endurmenntun</i> | Skipuleggja fræðsludagskrá fyrir starfsmenn á haust- og vorönn og leggja fyrir þátttakendur matsblað. Skipuleggja erlend samstarfsverkefni til næstu ára. |
| <i>Bókasafnið</i> | Vinna að endurskipulagningu á starfsemi bókasafnsins. |

Reykjavík, 19. september 2022

Björk Þorgeirsdóttir, verkefnastjóri sjálfsmats